

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2025-2026

. júní 2026

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Gunnlaugur Smárason

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2025-2026

Efnisyfirlit

Inngangur 4

1 Starfsemi skólans 4

1.1 Námsbrautir í FSN 5

1.2 Markmið og hlutverk 5

1.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál 8

1.4 Nám og kennsla 8

1.5 Námsmat 9

1.6 Endurskoðun námsbrauta ..... **Error! Bookmark not defined.**

1.7 Alþjóðleg samstarfsverkefni 10

1.8 Skólaráð 10

1.9 Fjárhagur og rekstur 10

2 Sjálfsmat í FSN 11

2.1 Um námsárangur 11

2.2 Kennslumat 12

2.3 Sjálfsrýni kennara 12

2.4 Úttekt á umsögnum kennara ..... **Error! Bookmark not defined.**

2.5 Moodle-úttekt 12

2.6 Íslenska æskulýðrannsóknin 13

2.7 Líðan starfsfólks - Stofnun ársins 2025 14

2.8 Viðhorfskannanir 19

2.9 Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla 19

2.10 Viðhorfskönnun vorannar – líðan og þjónusta 24

2.11 Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN ..... **Error! Bookmark not defined.**

2.12 Viðhorfskönnun útskriftarnema vorið 2026 24

2.13 Framhaldsskólapúlsinn 26

2.14 Viðhorfskönnun fjarnema 30

2.15 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2026 31

3 Styrkleikar, veikleikar og umbætur 33

3.1 Styrkleikar 33

3.2 Veikleikar 34

3.3 Umbætur og tækifæri 35

4 Viðaukar og fylgiskjöl 38

4.1 Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla 38

4.2 Fylgiskjal 2 - Umbótaáætlun 2024-2025 39


4.3 Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun 2025-2026 40

Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli sem er staðsettur í Grundarfirði og með framhaldsdeild á Patreksfirði. Skólinn hefur nú lokið sínu 22. starfsári og allt frá stofnun skólans hefur dreifnámskennsla verið áberandi í kennsluháttum skólans. Við stofnun FSN skólahúsnæðið hannað og byggt með það í huga að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið yrði til móts við þarfir hvers og eins með sveigjanlegu skipulagi. Hugmyndafræðin á bak við kennsluhættina var með nýjum blæ og nýjum áherslum þó að líka hafi verið byggt á gömlum kenningum um skólastarf. Þáttur upplýsingatækni og möguleikar tölvutækninnar hafa alla tíð verið nýttir í skólastarfinu og skipa veigamikinn sess í kennsluháttunum. Skólinn átti að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýta meðal annars dreifnám. Stefna skólans er í sífelldri endurskoðun og við reynum að aðlaga okkur að breytingum sem verða í samfélaginu. Árin þegar heimsfaraldur gekk yfir eru eftirminnileg þar sem starfsfólki skólans og nemendum tókst einstaklega vel að takast á við þær áskoranir sem fylgdu kennslu á því tímabili. Nú horfum við fram á tímabundna fækkun í árgöngum í grunnskólum á upptökusvæði skólans og því er enn mikilvægara að sinna kennslu fjarnemenda en þannig getum við haldið úti óbreyttu námsframboði.

1 Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.



1.1 Námsbrautir í FSN

Nemendur FSN geta valið um sex námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, náttúru- og hugvísindabraut, búfræðilína, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, frumkvöðla- og nýsköpunarbraut og opna braut. Framhaldsskólabraut er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu.

1.2 Markmið og hlutverk

Fjölbrautaskóli Snæfellinga var stofnaður árið 2004 og hófst kennsla sama haust. Markmið skólans er að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins. Einnig er lögð áhersla á persónuleg samskipti starfsfólks og nemenda og að nemendur mæti ávallt alúðlegu viðmóti

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Í framtíðarsýn skólans er lögð áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Stefnt er að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og

metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Einkunnarorð FSN eru: „Framsækni, sjálfstæði, nýsköpun“. Skólinn hefur frá upphafi verið framsækinn og leiðandi. Að vera **framsækinn** vísar til þess að vera eilítið á undan meginstraumnum. Þegar skólinn var stofnaður árið 2004, snerist sú framsækni um kennsluhætti og notkun upplýsingatækni og var byggingin hönnuð utan um þá nálgun. **Sjálfstæði** vísar m.a. til þess að nám og kennsla í FSN byggir á aðferðum dreifmenntar. Í slíku námi reynir meira á sjálfstæði þar sem nemendur þurfa að taka mikla ábyrgð á eigin námi. Í FSN er nemendum veitt góð, almenn undirstöðuþekking með áherslu á **nýsköpun**. Í námi sínu þurfa nemendur að tileinka sér mismunandi nálgun við lausn ýmissa verkefna og temja sér gott verkleg sem og skapandi og listræn vinnubrögð.

Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skipunartími skólanefndar lauk í júní 2022 og var ný skólanefnd skipuð haustið 2023. Við skólann starfar auk stjórnenda, námsráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%),

mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði (90%), ritari (50%), húsvörður (100%), kerfisstjóri (25%), ræstitæknir (50%), og 17 framhaldsskólakennarar í 14 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að því að kennsluhættir séu með dreifnámssniði og því áhersla á að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Samland, sem áður hét Fjarmenntaskólinn. Samland er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkingum býðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Á vorönn 2025 stunduðu þrír grunnskólanemendur nám við FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Í byrjun febrúar var, eins og fyrri ár, dagur sem við köllum framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10.bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði í apríl og kynntust skólastarfi þar með svipuðum hætti.

Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir, eldri áfangar verið lagfærðir eða nýjar brautir hannaðar.

Vendikennsla hefur verið nýtt frá stofnun skólans þó að ekki hafi verið farið að nota heitið „vendikennsla“ fyrr en síðar. Vendinám styður tvímælalaust við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við

sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS hefur verið fastur liður í kennsluháttum síðan á tímum covid-19 enda býður þessi tækni upp á mörg tækifæri í fjarnámskennslu og einnig höfum við nýtt TEAMS í kennsu í staðnámi í mörg ár.

1.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Á heimasíðu skólans má lesa Stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára sbr. 31.grein laga um opinber fjármál. Stefnan er uppfærð árlega.

Markmið samkvæmt stefnu til þriggja ára 2025-2027 skv. 31.grein laga um opinber fjármál.

Markmið í kjarnastarfsemi:

1. Að auka gæði menntunar í FSN.
2. Að fjölga nemendum í FSN.
3. Að efla nýsköpunar- og frumkvöðlamennt.
4. Að fjölga námsleiðum við FSN.

Markmið í almennum rekstri:

1. Að auka endurmenntun kennara.
2. Að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi og fjarkennslu.

Markmið í samræmi við markmið fjámálaáætlunar.

1. Að veita góða þjónustu.
2. Öflugur mannauður.
3. Sjálfbær rekstur.

1.4 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og kennslan miðast við verkefnabundið nám. Hefðbundin fyrirlestrakennsla er ekki notuð sem kennsluaðferð í skólanum þar sem við notum kennsluaðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkari. Hlutverk kennara felst meira í að vera leiðbeinendur og verkstjórar og undirbúningur kennslu fer fram í gegnum kennsluumsjónarkerfi á netinu þar sem skipulag náms er sett inn ásamt verkefnum. Nemendur

geta því unnið sjálfstætt að verkefnum og þá skiptir ekki máli hvort þeir eru í skólabyggingunni eða annars staðar. Samvinna kennara í opnum rýmum hefur leitt til þverfaglegrar samvinnu og aðferðir lausnaleitarnáms hafa verið notaðar þar sem auðvelt er að nota netið til þekkingaröflunar í skóla sem nýtir upplýsingatækni til fullnustu.

1.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2025-2026 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum frekar en fyrri ár heldur er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat sem stundum er kallað leiðasagnarnám. Próf eru lögð reglulega fyrir í flestum áföngum. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi.

Markmið skólans í leiðsagnarnámi eru að:

- gera nemendur meðvitaða um nám sitt og að nemendur taki ábyrgð á eigin námi
- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarnáms.

Um leiðsagnarnám í FSN má lesa hér:
https://www.fsn.is/is/namid/namsframvinda/namsmat-og-einkunnir.

1.6 Alþjóðleg samstarfsverkefni

FSN fékk Erasmus+ aðild á síðasta skólaári. Nokkur samstarfsverkefni hafa verið í gangi þetta skólaárið og má þar nefna áframhaldandi samstarf við skóla í Norrköping í Svíþjóð, framhaldsskóla í Varsjá í Póllandi auk annara möguleika sem skoðaðir haf verið m.t.t. samstarfs í framtíðinni. Þá sóttu kennarar fjölbreytt námskeið fyrir tilstilli Erasmus+ samstarfsins.

Verkefnið í Norrköping byggði á fyrra samstarfi, en tekið var á móti kennurum og nemendum þaðan síðastliðið haust og fóru átta nemendur FSN ásamt tveimur kennurum í heimsókn þangað vorið 2026. Þá fóru þrír kennara í starfsspeglun (e. job shadowing) í framhaldsskóla í Varsjá.

Lögð hafa verið drög að frekari samvinnu við erlenda skóla í tengslum við þau verkefni og stefnt er að því að nýta styrkinn á komandi ári m.a. í skíðaferð. Einnig hefur FSN í samtali við skóla í Belgíu og Króatíu um frekara samstarf og stefnt er að því að kennarahópur fari í eina starfsspeglun og sæki 3-4 námskeið á tímabilinu júní 26 - ágúst 2027, ásamt því að taka á móti aðilum frá öðrum skólum.

1.7 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins. Á skólaárinu fundaði skólaráð reglulega og var m.a. fundað um umbótaáætlun gæðaráðs, umsagnir, vinnu við stefnu skólans, skýrslur fagstjóra, valáfanga, reglur um fjarnám, verkefnadaga í maí, skóladagatal 2026-2027 og stundatöflu á vorönn 2026.
https://www.fsn.is/is/skolinn/nefndir-og-rad/skolarad/fundaaaetlun-skolarads-1

1.8 Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Á árinu 2025 var ársveltan kr. 413.001.939 milljónir og afkoma kr.

30.892.161 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 30.314.869 milljónir í árslok. Ársreikning FSN má lesa á heimasíðu skólans.

2 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2025-2026 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: Sjálfsmatsáætlun. Sjálfsmat er í höndum Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari og skipa auk Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, skólameistara.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2025-2026:

Haustönn 2025	Vorönn 2026
Kennslumat **Sjálfsrýni kennara** **Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)** **Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda** **Nemendastýrður húsfundur** **Viðhorfskönnun fjarnema** **Viðhorfskönnun staðnema - aðstaða og skipulag kennslu** **Íslenska lýðheilsurannsóknin** **Viðhorfskönnun útskriftarnemenda** **Rýnihópur útskriftarnemenda**	**Kennslumat** **Sjálfsrýni kennara** **Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)** **Skólapúlsinn** **Brottfall** **Húsfundur** **Viðhorfskönnun útskriftarnemenda** **Rýnihópur – útskriftarnemenda** **Áætlun um umbætur** **Stofnun ársins**

2.1 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Aðstoðarskólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta

reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bætta ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu. Skólaárið 2025-2026 útskrifuðust 22 nemandi (5 á haustönn og 17 á vorönn).

2.2 Kennslumat

Frá skólaárinu 2023-2024 hefur kennslumati verið háttað þannig að nemendur meta alla kennara samtímis og gera það á hverri önn. Kannanirnar voru hannaðar og upp settar sem sniðmát af gæðaráði svo þær væru staðlaðar og eins fyrir alla. Þær voru settar upp í Microsoft Forms, og þurftu kennarar aðeins að merkja sér könnunina og tilgreina þá áfanga sem þau voru að kenna og senda út á nemendur. Í könnununum voru nemendur beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara, auk þess sem spurt var út í nokkur atriði tengd kennslu. Skólameistari vann úr niðurstöðum og fór yfir þær með viðkomandi kennara í starfsmannasamtölum. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að veita kennurum bæði aukið aðhald og gefa nemendum færi á að láta í ljós skoðun sína á öllum kennurum á hverri önn.

2.3 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1.** Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.

Fyrirhugað er að skoða möguleika á vettvangsathugunum á starfi kennara til að auka enn á möguleika til mats á kennslu og starfi kennara. Þá hefur verið rætt um, eins og sjá má hér að ofan, að kennarar taki frekari þátt í kennslumatsvinnu, sem er vissulega hvetjandi til sjálfsmats.

2.4 Moodle-úttekt

Vorið 2025 var ákveðið að gera stutta úttekt á uppsetningu áfanga kennara í Moodle. Unnið var eftir fyrirmynd frá Menntaskólanum á Ísafirði sem deildi með gæðaráði úttektarskjölum

sem voru svo staðfærð fyrir úttekt við FSN. Á haustönn 2025 kom upp sú hugmynd að gera tilraun meðal fagstjóra þar sem Teams yrði notað sem námsumsjónarkerfi í stað moodle. Tilraunin var gerð með það að leiðarljósi að kanna möguleikann á að færa námsumsjón yfir á Teams og nota Moodle sem gagnabanka áfram. Því var ákveðið að fara ekki í aðra moodle úttekt. Tilraunin mældist vel fyrir og reyndist Teams bjóða upp á það sama og moodle auk þægilegri leiða til að eiga í samskiptum við nemendur. Ekki var þó ákveðið að færa alla áfanga yfir á Teams að svo stöddu.

2.5 Íslenska æskulýðrannsóknin

Nemendur FSN tóku þátt í íslensku æskulýðrannsókninni á haustönn, sem framkvæmd er af menntavísindasviði HÍ. Rannsóknin er send út á alla framhaldsskólanemendur og nær til eftirfarandi matsþátta: (1) menntun, (2) lífsgæði og félagsleg staða, (3) heilsa og vellíðan, (4) öryggi og vernd og (5) félagsleg tengsl og þátttaka í íþrótta-, tómstunda- og samfélagsstarf. Svarhlutföll voru misjöfn eftir skólum en niðurstöður voru ekki greinanlegar eftir ákveðnum stofnunum heldur aðeins sem heild, en heildarsvarhlutfall var 34%.

Meirihluti nemenda líður vel í skólanum (88%) og fleiri en áður telja nám sitt hafa tilgang og vera gagnlegan undirbúning fyrir framtíðina. Á sama tíma er þreyta nemenda útbreytt vandamál þar sem helmingur segist vera þreyttur í skólanum flesta daga og um 43% segjast vera undir miklu eða mjög miklu álagi vegna náms.

Geðheilsa er áhyggjuefni. Aðeins 57% meta andlega heilsu sína góða, kvíði er nokkuð algengur (44%) og einmanaleiki hefur aukist (29% segjast vera oft eða alltaf einmana). Sjálfsskaðahegðun hefur aukist úr 14% í 19%. Kvenkyns þátttakendur eru í mun verri stöðu en karlkyns í flestum þessum þáttum.


Kynferðisofbeldi er enn alvarlegt vandamál — 34% hafa upplifað það um ævina og 48% fengið óumbeðin klámfengin skilaboð. Áfengisneysla og rafrettunotkun hefur þó minnkað milli kannana. Félagsleg einangrun virðist vera að aukast — færri telja sig vera hluta af hópi og fleiri segjast eiga í erfiðleikum með samskipti við aðra. Skýrsluna má skoða nánar hér: Framhaldsskólakönnun 2025–2026

2.6 Líðan starfsfólks - Stofnun ársins 2025


Síðastliðin ár hefur verið fylgst með líðan starfsmanna á kerfisbundinn hátt á tvenna vegu; annars vegar með þátttöku í könnun Gallup á Stofnun ársins og hins vegar með könnunum sem sendar eru annan hvern mánuð á starfsfólk í gegn um þjónustu HR-Monitor. Þeirri þjónustu var sagt upp á vormánuðum 2025 en starfsfólk tekur enn þátt í Stofnun ársins á hverju ári.

Stofnun ársins 2025


Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í könnuninni Stofnun ársins á haustmánuðum 2025 og voru niðurstöðurnar kynntar í febrúar 2026. Alls svöruðu 16 starfsmenn könnuninni. Svarhlutfall á landsvísu var 51% en 67% meðal starfsfólks FSN. Svarhlutfall skólans hefur verið á bilinu 51–90% yfir þau ár sem könnunin hefur verið lögð fyrir og hefur það frekar farið lækkandi undanfarin ár — eða 90% árið 2019, 76% árið 2020, 86% árið 2021, 64% árið 2022, 66% árið 2023 og 63% árið 2024. Þetta er atriði sem þarf að huga að til framtíðar.



Heildareinkunn skólans árið 2025 er 4,50 af 5 mögulegum. Þetta er örlítil lækkun frá hápunkti árið 2024 (4,54) en er þó sambærilegt við bestu mælingar síðan þær hófust. Til samanburðar er meðaltal allra framhaldsskóla 4,23 og meðaltal allra stofnana 4,13. FSN er þannig vel yfir báðum viðmiðum. Þegar þróunin er skoðuð í heild má sjá að heildareinkunn hefur farið hækkandi með nokkrum sveiflum frá 4,08 árið 2018 í 4,50 árið 2025.



Mynd 1. Þróun heildareinkunnar FSN 2018–2025 (1–5 kvarði). Punktalína sýnir meðaltal framhaldsskóla frá 2022.



Mynd 2. Allir þættir 2025 — FSN, framhalds- og háskólar og allar stofnanir.

Þróun einstakra þátta

Starfsandi

Starfsandi mælist 4,83 árið 2025 — hæst af öllum þáttum og hæst sem þessi þáttur hefur mælst í sögu könnunarinnar hjá skólanum. FSN er enn þá meðal efstu skólanna á landinu í þessum þætti og er marktækt yfir meðaltali framhaldsskóla (4,41). Þetta er ótvíræður styrkleiki innan FSN og endurspeglar hina jákvæðu menningu sem hefur verið ríkjan innan skólans síðatliðin ár.

Stjórnun

Stjórnun mælist 4,50 og lækkaði örlítið (um 0,05) frá 4,55 árið 2024. Þrátt fyrir þessa lítilsháttar lækkun er þátturinn enn vel yfir meðaltali framhaldsskóla (4,24) og allra stofnana (4,21). Áhugavert er að þegar litið er til baka hefur stjórnunarþátturinn þróast stöðugt upp á við á síðustu árum — frá 3,94 árið 2018 upp í 4,50 árið 2025 — sem er veruleg framför.

Launakjör


Launakjör er hlutfallslega lægst metinn þáttur en heldur áfram að hækka — 3,81 árið 2025 samanborið við 3,69 árið 2024, 3,50 árið 2023 og 3,33 árið 2022. FSN er þó yfir meðaltali framhaldsskóla (3,40) og allra stofnana (3,23) í þessum þætti, sem er jákvætt miðað við þær takmarkanir sem ríkja um launasetningu meðal framhaldsskóla.

Ímynd stofnunar

Ímynd stofnunar er sá þáttur sem lækkar hvað mest þetta árið — 3,94 árið 2025, sem er lækkun um 0,41 frá 4,35 árið 2024 og er eina þátturinn þar sem FSN mælist undir meðaltali framhaldsskóla (4,23). Tvær spurningar í þessum þætti skera sig sérstaklega úr: hvort stofnunin njóti trausts í samfélaginu (3,88) og hvort ytra orðspor hennar sé jákvætt (3,63). Báðar þessar spurningar sýna mestu lækkunina milli ára (−0,59 og −0,44). Þessi þróun þarfnast sérstakrar athygli og er ástæða til að ræða hvernig skólinn geti styrkt ímynd sína og tengsl við nærsamfélagið.

Sveigjanleiki vinnu

Sveigjanleiki vinnu heldur sig nokkuð stöðugur (4,41, +0,01) en eins og bent hefur verið á í fyrri skýrslum dragast tvær spurningar niður þennan þátt — spurning um launasambærilegt starf annars staðar (2,87) og möguleikann á að taka frí á hentuglum tíma (3,00). Eðli kennarastarfsins gerir það að verkum að kennarar eru háðir viðveru á ákveðnum tíma og samanburðurinn við aðrar stéttir er því ekki alltaf sanngjarn.




Mynd 3. Þróun lykilþátta FSN 2018–2025. Rauð lína sýnir ímynd stofnunar.

Mestu breytingar og frávik

Þær spurningar sem hækkuðu mest milli ára eru varðandi laun (+0,30), ánægju með launakjör (+0,25), mat- og kaffiaðstöðu (+0,25) og hvort starfsfólk hafi áhrif á það hvernig starf þeirra er

unnið (+0,25). Þær sem lækkaðu mest eru tengdar trausti og ytra orðspori stofnunarinnar (−0,59 og −0,44).

FSN sker sig mjög jákvætt úr í samanburði við aðrar stofnanir í sama flokki þegar kemur að vinnuskilyrðum. Starfsfólk er sér í lagi sátt með loftgæði (+0,71), lýsingu (+0,57), mat og kaffi (+0,56) og hljóðvist (+0,52). Þetta endurspeglar líklega nýlegar umbætur á aðstöðu í skólanum.



Mynd 4. Tíu mestu breytingar milli ára 2024→2025 (rautt = lækkun, grænt = hækkun).

Samantekt

Í heild gefur könnunin Stofnun ársins til kynna að líðan starfsfólks FSN sé mjög góð og að skólinn standi framar þar sem mestu máli skiptir — í starfsanda, vinnuskilyrðum og heildaránægju. Heildareinkunn 4,50 er sambærileg við hápunktinn árið 2024 og FSN er vel yfir landsviðmið í flestum þáttum. Ímynd stofnunar er þó nokkuð sem þarf frekari vinnu, einkum hvað varðar traust og orðspor skólans.

2.7 Viðhorfskannanir

Viðhorfskannanir hafa alla jafna verið lagðar fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Kannanirnar er megindlegar, í formi spurningalista, sem sendur er út á Microsoft Forms. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja eina alhliða viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2025-2026 var hafður sami háttur á og fyrri ár að lögð var áhersla að mæla á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans á haustönn og svo tók skólinn þátt í Framhaldsskólapúlsinum á vorönn. Þannig var ákveðið að láta Framhaldsskólapúlsinn dekka könnun á líðan og þjónustu sem iðulega var send út á haustönn, eins og fjallað var um hér að ofan og kennslukönnunin tekin fyrir á haustönn. Þá var einnig send út könnun á fjarnema við skólann á hvorri önn fyrir sig.

2.8 Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla

Viðhorfskönnun á námi og aðstöðu hefur verið lögð fyrir staðnema Fjölbrautaskóla Snæfellinga reglulega frá 2017. Könnunin er hluti af sjálfsmatskerfi skólans og miðar að því að meta viðhorf nemenda til kennslu, aðstöðu, stuðnings og stafrænna verkfæra. Niðurstöðurnar eru notaðar til að greina styrk og þróunarsvæði og til að bera saman þróun milli ára.


Könnunin var ekki lögð fyrir árin 2019 og 2020 vegna Covid-19. Árið 2022 var spurningum breytt þannig að beinn samanburður við 2017 og 2018 er takmarkaður. Frá og með 2021 hefur könnunin verið lögð fyrir á haustönn og einungis staðnemar hafa verið í úrtaki, að

Viðhorfskönnun – nám og aðstaða

Viðhorfskönnun á námi og aðstöðu hefur verið lögð fyrir staðnema FSN reglulega frá 2017 og er hluti af sjálfsmatskerfi skólans. Könnunin var ekki lögð fyrir 2019 og 2020 vegna Covid-19 og var spurningagerðinni breytt 2022, þannig að beinn samanburður við 2017 og 2018 er takmarkaður. Frá 2022 og 2023 voru fjarnemar hluti af úrtakinu (30–35% svarenda) en síðan hefur könnunin einungis tekið til staðnema. Það verður fyrirkomulagið áfram í ljósi þess að nú hafa fjarnemar sína eigin viðhorfskönnun.

Ánægja og viðhorf til kennslu

Ánægja nemenda með FSN hefur hækkað hvert einasta ár frá lágpunkti 2022 (64%) og er nú 85% sem er hæst af öllum mælingum. Kennsla er hins vegar metin góð af 82%, sem er lækkun frá 93% árið 2024. Þrátt fyrir að þetta gildi sé enn gott á heildina litið er vert að fylgjast með þróuninni.




Mynd 1. Ánægja með FSN og mat á kennslu 2017–2025. Strikuð lína = kennsla er góð.

** 2017: annað orðalag — ekki beint samanburðarhæft við síðari ár.*

Námsumhverfi og aðstaða


Viðhorf til aðstöðu hefur verið sveiflukennt. Það var lágpunktur 2023 (49%), hækkun upp í 86% árið 2024 og hlutfallið loks 80% árið 2025. Kennsla í opnum rýmum hlýtur stöðugt jákvæðari viðbrögð, upp úr 48% (2023) í 69% (2025), sem bendir til þess að nemendur séu að verða ánægðari með þetta kennslufyrirkomulag, sem er ólíkt því sem þekkist í grunnskólum upptökusvæðisins.



Mynd 2. Viðhorf til aðstöðu og kennslu í opnum rýmum 2021–2025. Strikuð lína = opnum rýmum.

Samskipti við kennara og stuðningur


Samskipti við kennara og stuðningur þeirra eru áfram sterkur þáttur. Hlutfall þeirra sem eiga góð samskipti við kennara hækkaði marktækt úr 72% í 85% milli ára og 92% segjast fá aðstoð þegar þeir þurfa á að halda. Teams-kennsla er að batna — 54% telja hana nú sambærilega kennslu í Grundarfirði á móti 38% árið 2024. Þar er þó enn tækifæri til bætinga.



Mynd 3. Samskipti og stuðningur — samanburður 2024 og 2025.

Verkefnatímar, umsagnir og stafræn verkfæri


Nýting verkefnatíma hefur aukist hægt og rólega, úr 24% árið 2022 í 41% árið 2025. Þar er einnig svigrúm er til frekara bætinga. Umsagnir kennara eru hins vegar lesnar sjaldnar — 56% árið 2025 á móti 69% árið 2024 og meta nemendur gleymsku sem helstu skýringuna. 95% nemenda fara inn á moodle daglega, en notkun OneDrive (að nemendur visti öll skjöl sín þar) hefur minnkað örlítið (67% frá 76% 2024).



Mynd 4. Nýting verkefnatíma og lestur umsagna 2022–2025.

Hvar eru verkefni unnin

Hlutfall nemenda sem vinnur meirihluta verkefna heima hefur minnkað verulega, úr 28% árið 2024 í 8% árið 2025. Fleiri nemendur vinna nú í skólanum (46%) eða jafnt heima og þar (46%), sem er jákvæð þróun og bendir til betri nýtingar á skólatíma.



Mynd 5. Hvar nemendur vinna meirihluta verkefna — 2024 og 2025.

Stoðþjónusta

Notkun stoðþjónustu hefur aukist milli ára. Hlutfall þeirra sem nota hana sjaldnar eða aldrei lækkaði úr 41% árið 2024 í 23% árið 2025, sem bendir til þess að nemendur leiti sér frekar aðstoðar þegar þörf krefur.

Samantekt

Niðurstöður könnunarinnar 2025 eru að mestu leyti jákvæðar og sýna framfarir í mörgum þáttum. Ánægja með skólann er á hæsta stigi í sögu mælinganna. Samskipti við kennara, nýting verkefnatíma, kennsla í opnum rýmum og notkun stoðþjónustu hafa öll batnað. Heimavinna nemenda er á lágmarki.

Þó er víða hægt að bæta í. Mat á gæðum kennslu lækkaði úr 93% í 82% milli ára, umsagnir kennara eru lesnar sjaldnar, og Teams-kennsla þykir enn ekki fullnægjandi hjá um helmingi nemenda. Þessi atriði þarfnast frekari vinnu og úrræða á komandi skólaári.

2.9 Viðhorfskönnun vorannar – líðan og þjónusta


Í ljósi þess að ákveðið var að taka þátt í í könnuninni framhaldaskólapúlsinum árið 2026 var ákveðið að senda ekki út hefðbundna könnun um líðan og þjónustu. Verið er að skoða hvernig best sé að haga tíðni viðhorfskannana m.t.t. aukins framboðs utanaðkomandi mælinga.

2.10 Viðhorfskönnun útskriftarnema vorið 2026

Viðhorfskönnun var lögð fyrir útskriftarnema á vorönn 2026. Alls svöruðu 8 nemendur könnuninni. Eins og áður hefur verið tekið fram þarf að hafa varann á þegar túlka á niðurstöður þessarar könnunar þar sem hópurinn er lítill og svörun takmarkaðri en æskilegt væri. Sveiflur milli ára endurspegla oft einstaklingsviðhorf fremur en marktækar breytingar á viðhorfi. Könnun var ekki lögð fyrir útskriftarnema á haustönn 2025 þar sem of fáir voru í útskriftarhópnum.

Einkunnir á 1–10 kvarða


Fyrsti hluti könnunarinnar byggir á því að þátttakendur gefi ákveðnum þáttum einkunn. Nemendur gáfu kennslu í FSN meðaleinkunn 7,6, sem er í samræmi við niðurstöður síðustu ára (7,5–7,8). Félagslíf fékk 6,0 — lækkun frá 7,5 í síðustu mælingu — en sveiflur í þessum þætti eru ávallt miklar vegna fámennis. Skólinn sjálfur fær 7,4, sem er í takt við 2023 og 2024.



Mynd 1. Meðaleinkunnir á 1–10 kvarða eftir mælingarárum. H = haustönn, V = vorönn.

Framhaldsnám


Allir átta svarendur hyggjast halda áfram í nám — þrír næsta haust og fimm eftir hvíld. Þetta er jákvæð vísbending um að nemendur líti á nám í FSN sem undirbúning fyrir næsta skref á menntaferlinum.



Mynd 2. Áætlun um framhaldsnám — vorönn 2026 (n=8).

Samskipti og andi í skólanum

75% meta samskiptin og andann í skólanum góðan eða mjög góðan, sem er lækkun frá 90–100% í síðustu tveimur mælingum en enn hærra en lágpunktur 2022 (56%). Samskipti við kennara og starfsfólk eru áfram sterk — 88% meta þau góð eða mjög góð. Samskipti við samnemendur mælast 75%, bati frá ~57% í síðustu mælingu.



Mynd 3. Þróun samskipta og anda í skólanum 2021–2026. Punktalínur = samskipti við kennara og samnemendur.

Námsráðgjöf o.fl.

Námsráðgjöf fær 63% jákvæð svör — lægsta gildi í öllum mælingum og lækkun frá 75–100% á fyrri árum. Þetta er nokkuð sem þarfnast frekari athygli. Umsjónartímar eru metnir gagnlegir af 50% svarenda, sem er nokkuð sambærilegt við fyrri mælingar. Sjö af átta svöruðu jákvætt þegar spurt var hvort þeir myndu mæla með FSN við aðra (87,5%).


2.11 Framhaldsskólapúlsinn

Á vorönn 2026 tók Fjölbrautaskóli Snæfellinga þátt í Framhaldsskólapúlsinum, landsbundinni nemendakönnun sem mælir námsumhverfi, virkni í námi og líðan framhaldsskólanema. Alls voru 68 nemendur boðaðir til þátttöku og svöruðu 52, sem gefur 76,5% svarhlutfall. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem

kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum.


Námsumhverfi

Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum hefur verið áhyggjuefni í mælingum á undanförnum árum. Árið 2025 mælast 55,3% nemenda með jákvætt viðhorf, samanborið við 68,4% meðal annarra skóla sem er marktækur munur. Þó er um lítilsháttar bætingu að ræða frá árinu 2024 (51,1%).



Mynd 1. Þróun viðhorf og hollustu gagnvart skólanum 2019–2025. Rauður skuggi sýnir bil á milli FSN og landsmið.


Aðrir þættir námsumhverfis mælast á svipuðum nótum og landsviðmið eða yfir: samsömun við nemendahóp er 4,5, stuðningur kennara 5,5 og tíðni leiðsagnarmats 6,0. Athyglisvert er þó að stuðningur kennara hefur farið lækkandi frá hápunkti 2023 (6,6) niður í 5,5.



*Mynd 2. Þættir námsumhverfis — FSN borið saman við landsviðmið. * Viðhorf og hollusta er hlutfall (%)*

Virkni í námi

Námsáhugi mælist 5,5 sem er örlítið undir landsmið (5,8). Vinnulag í námi er 4,6, einnig lítið eitt undir landsviðmiði (5,0). Báðir þessir þættir hafa verið tiltölulega stöðugir frá 2019 og benda ekki til marktækrar þróunar í neina ákveðna átt.



Mynd 3. Virkni í námi — FSN og landsviðmið á staðalníukvarða.


Líðan

Niðurstöðurnar fyrir matsþáttinn sem snýr að líðan er að mörgu leyti hvetjandi. Hamingja nemenda er hæst af öllum mælingarárum þar sem 83,0% lýsa sér hamingjusömum, samanborið við 73,1% heilt yfir á landinu og 71,2% árið 2024. Þunglyndi er með lægsta móti (12,5%), kvíði mælist 22,5% (sem er marktækt undir landsviðmiði se, er 28,0%) og tíðni einelti lækkaði úr 25,5% árið 2024 í 9,8% árið 2025.

Eitt atriði krefst þó sérstakrar athygli en það er tíðni áreitni og ofbeldis. Í könnuninni segjast 36,6% nemenda hafa upplifað einhvers konar áreitni eða ofbeldi sem er hæsta gildi skólans á öllum mælingarárum og er marktækt yfir landsviðmiði (28,1%). Þetta þarfnast frekari greiningar og markvissra aðgerða.

Gervigreind

Í fyrsta sinn var könnunin stækkuð til að meta notkun nemenda á gervigreind. 65,9% nemenda FSN hafa notað hana, lítið eitt yfir landsviðmið (62,2%), og meðaltíðni notkunar nemenda síðastliðna 30 daga mælist 35,2 skipti sem er talsvert yfir landsviðmið (24,7). Þetta bendir til þess að nemendur skólans séu fremstir meðal jafningja þegar kemur að nýtingu gervigreindar í námi, sem kallar á frekari umræðu um hvernig best sé að leiðbeina þeim um ábyrga og gagnlega notkun hennar.



Mynd 6. Notkun gervigreindar — FSN og landsviðmið

2.12 Viðhorfskönnun fjarnema

Fjarnemum við FSN hefur fjölgað umtalsvert síðastliðin skólaár og eru þeir nú orðnir stór hluti nemendahóps skólans. Það hefur löngum verið markmið skólans að fjölga fjarnemum, enda er skólinn vel til þess búinn að taka við og þjónusta þennan hóp. Þar að auki hefur fækkað í árgöngum á upptökusvæði skólans og hefur því þurft að fjölga nemendum með öðrum hætti til að geta haldið úti fjölbreyttu námsframboði.

Á haustönn 2024 var hafist handa við að senda út sérstaka viðhorfskönnun til fjarnema og hefur sú könnun verið send út tvisvar á hverju skólaári síðan — á haustönn og vorönn. Könnunin tekur til almennra atriða um upplifun nemenda á skólastarfinu auk sértækra þátta sem lúta að fjarnámsupplifuninni.

Svörun við könnuninni hefur verið áskorun í öllum mælingum. Á fyrsta mælingarári (2024–2025) svöruðu tæp 20% á haustönn og tæp 10% á vorönn, sem takmarkaði tölfræðilega úrvinnslu verulega. Á skólaárinu 2025–2026 gekk illa að bæta svörunina: 24 nemendur svöruðu á haustönn og 8 á vorönn. Þótt þetta sé enn slök svörun miðað við heildarfjölda fjarnema í skólanum gefur þetta í það minnst einhver svör til að vinna með, þó þau séu ekki tölfræðilega marktæk.

Helstu niðurstöður eru jákvæðar. Aðspurð hversu líklegir fjarnemar væru að mæla með fjarnámi FSN við aðra var 7,5 á haustönn og hækkaði í 8,5 á vorönn á 1–10 kvarða sem er fín niðurstaða. Nemendur nefna gott námsframboð, gæði náms og góða kennara sem helstu ástæður þess að velja FSN. Helmingur fjarnemanna er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og aldursdreifing er nokkuð mikil (um þriðjungur er eldri en 20 ára sem undirstrikar mikilvægi þess að skólinn geti þjónað fjölbreyttum hópi).

87,5% nemenda segjast vinna vel og reyna að ná góðum árangri — sama gildi á báðum önnum. Hlutfall þeirra sem finnst auðvelt að fá aðstoð frá kennurum og meta samskipti við þá góð hækkaði úr 75% á haustönn í 87,5% á vorönn. Í opnum svörum lýsa flestir fjarnáminu sem þægilegu og sveigjanlegu og nefna eftirfylgni kennara við skólann og lausnarmiðaða starfshætti sérstaklega.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður koma fram nokkur atriði sem þarf að vinna betur í. Verkefnalýsingar og staðsetning skilakassa á Moodle og Teams þykja óskýr hjá fjarnemum. Þetta kemur ítrekað fram í opnum svörum og er vert að taka til skoðunar með kennarahópnum. Þar að auki vissu 29% fjarnemanna á haustönn ekki af námsráðgjöf skólans og starfsráðgjöf, en þetta hlutfall lækkaði í 13% á vorönn. Ljóst er að kynning á þjónustu skólans gagnvart fjarnema þarfnast athygli og það rímar við þá þörf sem virðist vera fyrir almennt auknum og bættum samskiptum við fjarnema.

Þörf er áfram á því að efla samskipti við fjarnema til að fá betri svörun við könnuninni og tryggja að þessi mikilvægi nemendahópur fái þá þjónustu og þann stuðning sem hann á rétt á.

2.13 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2026

Rýniviðtal við útskriftarnema fór fram þriðjudaginn 12. maí 2026. Viðtalið var tekið í Fiskabúrinu, fundarstofu í skólanum. Ekki var tekið viðtal við útskriftarnema á haustönn sökum þess hve fáir útskriftarnemar voru á haustönn. Viðtalið tók Hermann Hermannsson. Eins og áður var lagt upp með að spyrja nemendur út í veru þeirra við skólann, hvernig þau mátu samskipti við starfsfólk og samnemendur, námsmat og kennsluhætti og loks hvernig þeim þætti þau vera undirbúin fyrir næstu skref í lífinu eftir nám við FSN. Í þetta skiptið tóku tveir nemendur þátt í viðtalinu, þrátt fyrir að ítrekað hafði verið reynt að ná fleiri tali af viðmælendum.

Almennt voru nemendur ánægðir með veru sína við skólann og upplifðu eðlilega að standa á tímamótum við að vera að klára skólann núna. Viðmælendur voru búin að ákveða að taka fyrst pásu og fara svo í áframhaldandi nám sem líklega yrði bóknám á háskólastigi.

Samskipti og andi í FSN

Viðmælendur voru sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk hafi verið góð. Kennarar hafi alltaf verið til staðar og aðgengilegir hvort sem aðstoð var veitt í gegnum teams eða í eigin persónu. Fámenni skólans sé kostur í þessum efnum — nemendur séu einstaklingar,

ekki tölur á blaði. Einnig hafi nemendur getað leitað til annars starfsfólks þegar þörf krafðist, til dæmis á skrifstofu skólans.

Viðmælendur voru sammála því að almennt væri góður andi í nemendahópnum. Það væri auðvelt að eiga samskipti þvert á hópa. Hvað félagslíf varðar var reynslan almennt góð. Viðmælendur töldu að áhugi á smærri viðburðum í félagslífinu, eins og spilakvöldum og svipuðum samkomum, hefði reynst betur en stórir viðburðir eins og böll. Þeir bentu þó á að fámennið væri áskorun fyrir félagslífið almennt og töldu að það myndi efla þennan þátt ef nemendur fengju meira að segja um það hvers konar viðburðir eru haldnir — að ákvarðanataka um félagslíf yrði lýðræðislegri.

Náms-og kennsluaðferðir

Nemendurnir voru öll sammála um að líka vel við leiðsagnarmat, þeim þykir kostur að vinna verkefni stöðugt yfir önnina í stað stórra prófa. Próf væru líklegri til að valda kvíða – þó svo að viðmælendur teldu að það gæti svo orðið erfitt seinna að taka stærri próf í framhaldsskóla en þau væru fær um að tileinka sér það eins og annað. Veran í FSN hefði kennt þeim að læra og vera skipulögð.

Þá var það sérstaklega nefnt að stöðug verkefnavinna, hópavinna og kynningar hafi veitt þeim færni í að takast á við krefjandi og fjölbreyttar áskoranir.

Kröfur og verkefnaálag

Nemendum þótti verkefnaálag heilt yfir sanngjarnt og sambærilegt milli áfanga. Vissulega sé það líka háð því hverju nemendur séu sterkir í.

Umsagnir

Þau voru sammála um þau hafi nýtt sér námsmatið, sem oft hefði mátt vera nákvæmara. Þá er átt við að það sé skýrt hvað hafi farið vel og hvað hafi farið miður vel.

Sakna mest/minnst

Viðmælendur sögðust muna sakna þess að hitta vini sína, kennaranna, því að vera í rútínu og frelsisins sem fylgir því að vera í skóla.

Þau segjast eiga minnst eftir að sakna þess að vera í þreföldum árekstrum, sem sé eitthvað sem þurfi að laga.

3 Styrkleikar, veikleikar og umbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið markvisst að því að bæta úr veiku þáttunum og vinna meira með styrkleikana. Einnig er unnið að umbótum þegar veikleikar koma upp í innra mati skólans.

3.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir og koma fram í innri úttektum, viðhorfskönnunum, niðurstöðum Stofnunar ársins og rýnihópum. Andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er að mörgu leyti góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð og nemendur upplifa þau alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Í Framhaldsskólapúlsinum kemur þetta skýrt fram. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í öllum áföngum og frá og með haustönn 2021 voru allir kennarar með kennsluréttindi. Kennslustundir eru skipulagðar með það að markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi.

Starfsmannahópurinn einkennist af samhug og metnaði gagnvart nemendum og kennslu. Starfsmannavelta hefur verið lítil og starfsfólk metur vinnustaðinn mjög vel — heildareinkunn í Stofnun ársins er 4,50 af 5, meðal þeirra hæstu sem skólinn hefur mælst með. Starfsandi mælist sérstaklega hár bæði á eigin mælikvarða og í samanburði við aðra framhaldsskóla. Nálægðin sem stærð skólans getur af sér hefur löngum verið einn helsti styrkleiki hans — allir eru tilbúnir að leggjast á eitt við að leysa þau mál sem koma upp, hvort sem þau eru góð eða slæm.

Fjarnámið er orðið stærri hluti af starfsemi skólans og skilar sér í nemendum með fjölbreyttan bakgrunn og búsetu um allt land. Orðspor FSN sem gæða fjarnámsskóla er að rótgróa, eins og glöggt kemur fram í viðhorfskönnunum þar sem meirihluti fjarnema velur

skólann vegna gæða námsins og góðra kennara. Útskriftarnemar stefna í framhaldsnám og lýsa skólanum sem góðum undirbúningi fyrir það skref, einkum hvað varðar skipulag, leiðsagnarmat og færni til að takast á við fjölbreyttar áskoranir.

3.2 Veikleikar

Veikleikar skólans eru eins og svo oft áður hin hliðin á styrkleikum hans, þ.e. hversu fámennur hann er. Á meðan fámennið gerir kennurum kleift að eiga persónuleg samskipti og halda betur utan um nemendur en þekkist í stærri skólum, getur það takmarkað námsúrvalið og lagt þunga byrði á hvern einstakling. Fjölgun fjarnema hefur gert gæfumuninn til að halda úti betra námsúrvali, en hefur jafnframt leitt í ljós nýjar áskoranir, einkum hvað varðar óvirka fjarnema og erfiðleika við að ná sambandi við þá og koma þeim af stað í leiðsagnarnámi.

Áreitni og ofbeldi í skólanum er þáttur sem þarfnast sérstakrar athygli. Í Framhaldsskólapúlsinum segjast 36,6% nemenda hafa upplifað einhvers konar áreitni eða ofbeldi — hæsta gildi skólans í öllum mælingarárum og marktækt yfir landsviðmið (28,1%). Þetta er alvarlegt vandamál sem þarf að bregðast við með markvissum hætti á komandi skólaári.

Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum hefur verið stöðugt undir landsviðmiðum í Framhaldsskólapúlsinum (55,3% á móti 68,4%), þótt lítilsháttar bæting sé milli ára. Ímynd stofnunar er þáttur sem hefur versnað skv. Stofnun ársins — 3,94 árið 2025, sem er lækkun um 0,41 frá árinu 2024 og eini þátturinn þar sem FSN mælist undir meðaltali framhaldsskóla. Spurningar um traust samfélagsins til skólans og jákvætt ytra orðspor hans sýna mestu lækkunina. Þetta er í takt við áskoranir sem þekkjast hjá mörgum skólum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem dreifbýli og fækkun íbúa geta gert það erfiðara að viðhalda sýnileika og trausti í nærsamfélaginu.

Svörun við viðhorfskönnun fjarnema er enn of lág til að niðurstöður séu tölfræðilega marktækar. Hlutfall fjarnema sem vantar upplýsingar um námsráðgjöf og starfsráðgjöf er enn talsvert þó það hafi batnað, og verkefnalýsingar og uppsetning skilakassa á Moodle og

Teams þykja óskýrar. Umsagnir kennara eru einnig lesnar sjaldnar en áður og námsráðgjöf fær lægsta mat í viðhorfskönnun útskriftarnema sem nokkru sinni hefur mælst.

3.3 Umbætur og tækifæri

Hér verður farið yfir framgang umbótaáætlunar 2025–2026 og hann metinn á grundvelli niðurstaðna kannana.

Að efla skólabrag og auka hróður skólans *Viðmið: Efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi. Viðburðir verði frekar haldnir á skólatíma.*

Þetta markmið náðist aðeins að hluta. Nemendafélag var ekki mjög virkt á skólaárinu og erfiðlega gekk að halda stærri viðburði sem er sama stef og fyrri ár en óhætt er að segja að þróunin sé upp á við á þessu skólaári. Þó hafi gefist vel að færa áhersluna yfir á minni viðburði innan skóla og á skólatíma. T.d. kemur fram í rýniviðtölum við útskriftarnema að smærri viðburðir, eins og spilakvöld, hafi reynst betur en stórviðburðir. Þetta er í samræmi við viðmið um að viðburðir verði haldnir á skólatíma og í minni hópa. Nemendur í rýniviðtalinu bentu þó sérstaklega á að þeir vildu meira lýðræði í ákvarðanatöku um félagslíf, sem er athyglisvert þar sem það er einmitt í anda markmiðsins.

Bæta samskipti og tengingu við fjarnema — sporna við brottfalli *Viðmið: Fundnar verði leiðir til að ná sambandi við fjarnema og undirbúa þá betur.*

Hlutfall fjarnema sem vissi ekki af námsráðgjöf lækkaði úr 33% á haustönn 2025 í 13% á vorönn 2026 — skýrt merki um að kynning á þjónustu skólans er að skila sér. Samskipti við kennara og mat á aðstoð hækkuðu úr 75% í 87,5% milli anna. Viðhorf til fjarnámsins er jákvætt og 8,5 af 10 mæla með því á vorönn. Svörun við könnunum meðal fjarnema er enn allt of lág (24 á haustönn, 8 á vorönn) til að tölfræðileg úrvinnsla sé marktæk. Verkefnalýsingar og uppsetning skilakassa á Moodle og Teams þykja enn óskýrar. Þetta kemur ítrekað fram í opnum svörum og bendir til þess að kerfisbundinnar úrbótar sé þörf. Hér eru tækifæri til að bæta vel í. Tilkoma Inspera hefur gert mikið til þess að passa upp á gæði fjarnáms til jafns við staðnáms.

Að nemendum líði almennt betur — þunglyndi, vanlíðan og einelti *Viðmið: Einelti, kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í Framhaldsskólapúlsinum.*

Niðurstöður eru bæði jákvæðar og neikvæðar. Hamingja mælist með hæsta í sögu mælinganna í framhaldsskólapúlsinum (83% á móti 73% landsviðmið). Þunglyndi er á lægsta stigi (12,5%) og kvíði (22,5%) er marktækt undir landsviðmiðum (28%). Einelti lækkaði úr 25,5% í 9,8%. Allt er þetta þróun í rétta átt.

Hins vegar er markmið um áreitni og ofbeldi ekki náð — 36,6% nemenda segjast hafa upplifað einhvers konar áreitni eða ofbeldi, sem er hæsta gildi skólans í sögu mælinganna og marktækt yfir landsviðmiði (28,1%). Þótt áreitni sé ekki beinlínis í viðmiðinu tengist hún líðan og öryggi nemenda á þann hátt að hún þarfnast brýnar aðgerðar. Kvíði og þunglyndi er þannig viðmiðum en áreitni er alvarlegt áhyggjuefni sem þarf að skoða á næsta skólaári.

Að auka tengsl við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu *Viðmið: Vinna markvisst með stofnunum og fyrirtækjum sem hafa gert samkomulag um samstarf.*

Þetta markmið hefur staðið í stað. Samstarfsyfirlýsingar voru undirritaðar við Svæðisgarð Snæfellsness, Snæfellsnesþjóðgarð og EarthCheck vottunina á síðasta skólaári. Þetta eru þrír nýir samstarfsaðilar sem gefa kost á fjölbreyttum verkefnum í námi nemenda og geta styrkt sýnileika skólans í nærsamfélaginu.

Það sem eftir er að gera er að efna til afmarkaðra og skipulegra samstarfsverkefna í framhaldi af þessum samningum. Það að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu er fyrsta skrefið en verkefnaframkvæmdin er áskorunin. Í ljósi þess að ímynd stofnunar í Stofnun ársins lækkaði umtalsvert á yfirstandandi skólaári (3,94 og eini þátturinn undir landsmeðaltali) er frekari vinna á þessu sviði sérstaklega mikilvæg.

Innleiðing gervigreindar í skólastarfi *Viðmið: Vinna markvisst að innleiðingu gervigreindar í starfi kennara og nemenda — fræðsla í stað hræðslu.*

Þetta markmið er í byrjun framkvæmdar. Í Framhaldsskólapúlsinum kemur fram að 65,9% nemenda FSN hafa notað gervigreind og meðalnotkunartíðni (35,2 skipti/mán.) er talsvert yfir landsviðmiðum (24,7). Þetta gefur til kynna að nemendur eru þegar að nota gervigreind

að umtalsverðu leyti — spurningin er hvort sú notkun sé meðvituð og gagnleg eða óstýrð.

Það liggur því á að innleiðing gervigreindar við FSN verði unnin skipulega á komandi skólaári.

upprunalegu markmiðunum en þarfnast þess að vera forgangsmál á komandi ári.

Ítarlegar umbætur og markmið næsta skólaárs eru sett fram í umbótaáætlun hér að neðan.

4 Viðaukar og fylgiskjöl

4.1 Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla

Áfangaskýrsla kennara vegna vorannar 2026

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.maí.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni ásamt vangaveltum um nám og kennslu..

Áfangi	Önn	Kennari
	V2026	

1. **Stutt skýrsla um kennsluna og námsefni. Hefur þú breytt einhverju í þínum áföngum og þá hverju, kennsluáætlun, námsmati, kennsluaðferðum, annað? Hverju var breytt og hvað gekk vel og hvað illa?**

2. **Hvernig nýtast vinnustundir með nemendum, eigum við að breyta fyrirkomulaginu á vinnustundum og þá hvernig?**

3. **Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.**
   a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
   b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
   c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
   d. Meðaleinkunn:
   e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):

4. **ERASMUS, UNESCO og Heimsmarkmið SÞ**
   a. Hefur þú verið að tengja kennslu/námsefni við ERASMUS, UNESCO eða Heimsmarkmið SÞ og þá hvernig? Ef ekki sérðu möguleika á þannig tengingum á næstu önn?

5. **Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi aðbúnað, kennslurými, stundatöflur eða annað sem snerti fyrirkomulag kennslu og vinnuaðstöðu.**

6. **Þrjú orð sem koma upp í hugann eftir þetta skólaár:**

4.2 Fylgiskjal 2 - Umbótaáætlun 2025-2026

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Að efla skólabrag og auka hróður skólans	Efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi Viðburðum verði gert hátt undir höfði og þeir frekar hafðir á skólatíma	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla. Rýniviðtöl meðal nemenda og starfsfólks	Stuðningur starfsfólks við nemendur yfir allt skólaárið og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag/Starfsfólk
Bæta samskipti og tengingu við fjarnema við skólann til að sporna við brottfalli þeirra	Fundnar verði leiðir til að ná sambandi við fjarnema og undirbúa þá betur fyrir fjarnám við skólann og þau þeirra samskipta sem það krefst	Viðhorfskannanir og rýniviðtöl meðal fjarnema Tölfræði yfir brottfall og föll fjarnema	Fastmóta samskipti milli umsjónaraðila fjarnema með einfaldari boðleiðum.	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og vinna gegn þunglyndi, vanlíðan og eineltistilfellum	Að eineltistilfelli, kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í framhaldsskólapúlsinum	Framhaldsskólapúlsinn	Sálfræðiþjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu Fyrirlestrar og forvarnir	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla
Að auka tengsl við stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki á upptökusvæðinu	Vinna markvisst með stofnunum og fyrirtækjum sem hafa gert samkomulag um samstarf.	Fjöldi samstarfsverkefna	Efna til afmarkaðra og skipulegra verkefna með samstarfsaðilum	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari
Að innleiða notkun gervigreindar í skólastarfi svo hægt sé að bregðast við	Vinna markvisst að innleiðingu gervigreindar í starfi kennara jafnt sem nemenda til þess að geta tryggt gagnrýna	Könnun á notkun gervigreindar í skólanum	Að opna á umræðu um notkun gervigreindar í öllu skólastarfi og hafa fræðslu að	Starfshópur um innleiðingu gervigreindar

breyttum tímum með tilkomu hennar	hugsun og læsi á nýtilkomna tækni, svo hún komi ekki niður á námi nemenda		leiðarljósi í stað hræðslu	

4.3 Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun 2026-2027

Markmið	**Viðmið**	**Mæling**	**Aðgerðir**	**Ábyrgð**
Að innleiða notkun gervigreindar í skólastarfi svo hægt sé að bregðast við breyttum tímum með tilkomu hennar	Vinna markvisst að innleiðingu gervigreindar í starfi kennara jafnt sem nemenda til þess að geta tryggt gagnrýna hugsun og læsi á nýtilkomna tækni, svo hún komi ekki niður á námi nemenda	Könnun á notkun gervigreindar í skólanum	Að opna á umræðu um notkun gervigreindar í öllu skólastarfi og hafa fræðslu að leiðarljósi í stað hræðslu	Starfshópur um innleiðingu gervigreindar
Að fækka tilfellum af áreitni og ofbeldi í skólanum og tryggja þannig bætta líðan nemenda	Að tilfelli einelti og ofbeldis mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í framhaldsskólapúlsinum	Framhaldsskólapúlsinn	Sálfræðiþjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu Fyrirlestrar og forvarnir	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla
Að bæta viðhorf og hollustu nemenda gagnvart skólanum	Hlutfall jákvæðra svara í þætti um viðhorf og hollustu í Framhaldsskólapúlsinum hækki í átt að landsviðmiðum (68,4%)	Framhaldsskólapúlsinn 2027	Greina hvað liggur að baki lágu hlutfalli í rýniviðtölum og á kennarafundi. Auka meðvitund starfsfólks um þennan þátt. Efla skólabrag með viðburðum hjá nemendafélgi og þátttöku nemenda í ákvörðunartöku.	Gæðaráð / Skólameistari

Að styrkja ímynd skólans og traust nærsamfélagsins	Þátturinn ímynd stofnunar í Stofnun ársins hækki yfir meðaltal framhaldsskóla (4,23) árið 2026. Jákvæð umfjöllun um skólann á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum aukist.	Stofnun ársins 2026. Fjöldi samstarfsverkefna og fjölmiðlagreina.	Efna til afmarkaðra samstarfsverkefna með Svæðisgarði Snæfellsness, Snæfellsnesþjóðgarðinum og EarthCheck. Kynna störf, framfarir og árangur skólans markvisst á samfélagsmiðlum. Virkja nemendur og starfsfólk í kynningu á skólanum.	Skólameistari / Aðstoðarskólameistari